



SANDGERÐISHÖFN



***UMHVERFISSTEFNA
SANDGERÐISHAFNAR***

Umhverfisstefna Sandgerðishafnar

Sandgerðishöfn og landeigandi leggja áherslu á að vera leiðandi í umhverfismálum og vinna að stöðugum umbótum, m.a. með því að auka umhverfisvitund starfsmanna, viðskiptavina og þjónustuaðila sinna. Starfsemi fyrirtækja og einstaklinga á hafnarsvæðum Sandgerðisbæar veitir ákveðin réttindi, en þeim réttindum fylgja einnig skyldur, þar á meðal á sviði umhverfismála, sem mikilvægt er að virða.

Sandgerðisbær á og rekur atvinnuhöfn og athafnasvæði og leggur áherslu á að skipulag og starfsemi samræmist skipulagsáætlunum eigenda og því umhverfi sem fyrirtækið starfar í.

Sandgerðishöfn hefur einsett sér að innleiða umhverfisstjórnun fyrir rekstur sinn með það að markmiði að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum frá starfseminni. Í því felst að þekkja, vakta, fylgjast með þróun og stýra mikilvægum umhverfisþáttum í rekstri fyrirtækisins og kynna árangur og stöðu. Ennfremur hefur Sandgerðishöfn einsett sér að fyrirbyggja sem kostur er umhverfisóhöpp og hafa tiltæka viðbragsáætlun til að draga úr hugsanlegum umhverfisáhrifum af þeirra völdum.

Sandgerðishöfn leggur áherslu á eftirfarandi þætti:

Að fylgja lögum, reglugerðum og góðum starfsháttum í umhverfismálum til hins ítrasta.

- Framfylgja lagalegum kröfum sem eiga við eigin starfsemi.
- Fyrirtæki sem starfa á landsvæði Sandgerðishafnar fylgja starfsleyfiskröfum sem þeim eru settar.
- Viðskiptavinir Sandgerðishafna uppfylli lög og reglugerðir og þær kröfur sem Sandgerðisbær gera í umhverfismálum.

Að efla umhverfisvitund og fræða

- Fræða starfsmenn, viðskiptavini og nágretta Sandgerðishafnar um verklag, kröfur og möguleika í umhverfismálum.
- Hvetja, aðstoða og auðvelda viðskiptavinum, birgjum og öðrum þjónustuaðilum að fylgja umhverfisstefnu Sandgerðishafnar.

Að ástunda ábyrga landnýtingu og að starfsemin sé í sátt við nálæga byggð

- Taka tillit til umhverfismála við skipulagningu og þróun svæða í eigu Sandgerðisbæar. Land við sjávarsíðu er takmörkuð auðlind.
- Leggja áherslu á að gengið sé vel um umhverfi og starfssvæði Sandgerðishafnar.
- Opin svæði séu aðgengileg almenningi, umhirða þeirra sé til fyrirmyndar og að við rekstur þeirra sé beitt vistvænum aðferðum.

Að stuðla að vistvænum samgöngumáta og minni loftmengun frá samgöngum

- Stuðla að minni landflutningum milli hafnarsvæða.
- Þjóða upp á göngu og hjólaleiðir innan hafnarsvæða með góðri tengingu við göngu- og hjólaleiðir sveitarfélaga.
- Hvetja fyrirtæki og einstaklinga á hafnarsvæðinu sem reka skip og báta til að draga úr loftmengun í viðlegu og siglingum.

Að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum úrgangs og frárennslis

- Draga úr magni úrgangs, auka flokkun og endurvinnslu og tryggja rétt skil spilliefna.
- Koma í veg fyrir að skólpi og mengandi efni berist í hafnirnar.
- Halda hafnarsvæðunum á sjó eins hreinum og mögulegt er með reglubundinni umhirðu.

Að tryggja umhverfisvöktun á hafnarsvæðum

- Vakta vatnsgæði sjávar í höfnum með skilgreindri vöktunaráætlun ásamt vöktun á mengunarefnum í seti og jarðvegi.
- Taka saman og birta upplýsingar um niðurstöður umhverfismælinga sem varða hafnarsvæðin.

Að draga úr óþarfa hávaða

- Fylgjast með og kortleggja uppsprettu hávaða þar sem ástæða er til.

Að nýta auðlindir á ábyrgan hátt

- Skilgreina vistvæn innkaup vöru og þjónustu fyrir starfsemina.
- Hagkvæmni í orkunotkun.
- Leggja áherslu á aukna raforkusölu til skipa.
- Samræma verklagsreglur um afgreiðslu á köldu og heitu vatni og eftirlit með vatnsnotkun á öllum hafnarsvæðum.
- Nýta dýpkunarefni og jarðveg frá framkvæmdum til landfyllinga.